



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tafir á nýjum tunnnum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. febrúar sl. var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. febrúar 2023:

Flokkur fólksins óskar upplýsingar um hvenær SORPA telur að þeir muni hefja söfnun á heimilum með meiri flokkun vegna nýrra laga um aukna flokkun og hvenær þeir áætla að því verði lokið? Einnig hvenær nýjar tunnur komast í gagnid? Lögin tóku gildi 1 janúar 2023 og var það vitað með góðum fyrirvara. Enn bólar ekkert á tunnnum frá SORPU og nú er komið fram í miðjan febrúar. Hvað veldur töf? Í ljósi tafa sem nú er orðin nokkur, hvenær er áætlað að innleiðingu verði lokið. Er reiknað með meira en árstöf?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Svar við fyrirspurn:

Til upplýsingar þá er umrætt verkefni í höndum Reykjavíkurborgar, Umhverfis- og skipulagssviðs, ekki Sorpu. Undirritaður getur veitt frekari upplýsingar um hlutverk Reykjavíkurborgar og Sorpu í úrgangsstjórnun í Reykjavík.

Áætlað er að innleiðing á breyttu flokkunar- og hirðufyrirkomulagi í Reykjavík hefjist þann 15. maí nk. og ljúki þann 30. september nk. Nýjar tunnur verða teknar í gagnid um leið og þeim er dreift til íbúa. Ekki er hægt að endurmerkja sorpílát og dreifa nýjum að vetri til og því hefur staðið til í nokkurn tíma að innleiða breytingarnar nk. sumar. Fréttatilkynning þess efnis var send út af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sl. áramót til upplýsingar fyrir íbúa. Það hafa því ekki orðið neinar tafir á áætlun um innleiðingu á breyttri flokkun og hirðu. Þó breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs hafi tekið gildi sl. áramót hefur sveitarfélögum verið gefið svigrúm til að innleiða breytt flokkunar og hirðufyrirkomulag á árinu 2023.

F. h. Umhverfis- og skipulagssviðs

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða